

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 267/2019**

2023/EES/5/21

frá 25. október 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/995 frá 17. júní 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32fhd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 D 0995**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/995 frá 17. júní 2019 (Stjttíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/995, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.